



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir húðflúr (Icelandic Tattoo Convention) að Ingólfsstræti 2a, F2004314, rými 01 0101.

Nafn leyfishafa: Reykjavík Ink ehf.

Heimilisfang: Frakkastígur 7

Póstnúmer: 101

Kennitala: 710117-0710

Útgáfudagur leyfis: 5. júní 2025

Gildir til: 8. júní 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Sértækum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, fyrir Húðflúrráðstefnu Reykjavík Ink, í Gamla Bíó að Ingólfsstræti 2a þann 6. júní til 8. júní 2025.*

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 5. júní 2025





Reykjavík Ink.

kt. 710117-0710

Frakkastíg 7

vegna húðflúrráðstefnu (The Icelandic Tattoo Convention) í starfstöð fyrirtækisins að Ingólfsstræti 2A.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti og/eða 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.

Dags. umsóknar. Umsókn fullnægjandi/ófullnægjandi. Sjá kafla 1.	Umsókn dags. 08.04.2025. Umsókn metin fullnægjandi.
Rekstraraðili, kt.	Reykjavík Ink. kt. 710117-0710
Heiti fyrirtækis	Húðflúrráðstefna Reykjavík Ink.
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Ingólfsstræti 2A, F2004324, rými 01 0101
Tegund starfsemi	Húðflúrstofa og stofa þar sem fram fer húðgötun, húðrof og fegrunarflúr sbr. tölulið 24 í reglugerð nr. 903/2024.
Tílefni umsóknar	Ný starfsemi
Umsögn skipulagsfulltrúa	Ekki var talin þörf á umsögn byggingarfulltrúa.
Umsögn byggingarfulltrúa	Um er að ræða endurtekin árlegan viðburð. Samþykki byggingarfulltrúa liggur fyrir í fyrra máli.
Dags. birtingar auglýsingar – frestur til athugasemda	Auglýsing á tillögu að starfsleyfi var birt 06.05.2025 – frestur til athugasemda var 4 vikur eða til 03.06.2025.
Athugasemdir sem bárust	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla	Umsóknin var lögð fyrir 1836 afgreiðslufund HER þann 12.06.2025. Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi frá 6. til 8. júní 2025.



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi og var móttaka hennar auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/auglysing-starfsleyfa-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Reykjavík Ink. tekin fyrir á 1836. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 12.06.2025 og samþykkt að gefa út tímabundið starfsleyfi fyrir starfsemina frá 6. til 8. júní 2025.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur 18. júní 2025

Sértæk starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, fyrir
Húðflúrráðstefnu Reykjavík Ink, í Gamla Bíó að Ingólfsstræti 2a þann 6.
júní til 8. júní 2025

1. Almenn ákvæði og gildissvið

1.1 Starfsleyfi þetta gildir aðeins í Gamla Bíó á tímabilinu 6. júní til 8. júní með opnunartíma frá kl. 12:00 til 22:00. Aðeins er veitt leyfi til húðflúrs en ekki til annarrar húðgötunar eða skurðar í húð.

1.2 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af skilyrðunum skal ávallt tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.

1.3 Ekki má rjúfa húð á einstaklingi undir 18 ára aldri. Viðskiptavinurinn skal framvísa skilríkjum ef vafi leikur á um aldur.

1.4 Bannað er að húðflúra viðskiptavin sem er undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á starfsemi á viðburði að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi. Ábyrgð rekstraraðila er gagnvart viðskiptavininum, eigin heilbrigði og heilbrigðisyfirvöldum. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um úrbætur getur Heilbrigðiseftirlitið beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.

1.6 Allir þátttakendur sem ætla að húðflúra á mótinu þurfa að geta sýnt gilt starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti þar sem þeir starfa eða sambærilegum heilbrigðisyfirvöldum þegar um erlenda húðflúrara er að ræða.

2. Húsnæði og búnaður

2.1 Ekki skal vera óskildur atvinnurekstur í húsinu á meðan á mótinu stendur. Hvorki má selja né neyta áfengis á svæðinu þar sem húðflúrað er á mótinu.

2.2 Húðflúraráttarar skulu hafa greiðan aðgang að sérstöku salerni sem gestir hafa ekki aðgang að. Þar skulu vera fljótandi sápulögur, einnota handþurrkur og gerileyðir.

2.3 Aðstaða húðflúrara skal vera afmörkuð svo áhorfendur séu utan við starfsstöð.

2.4 Fyrir hvern aðgerðarstól má ekki vera minna en 5 m² gólfrými. Gólf skal vera klætt efni sem er auðvelt í þrifum.

2.5 Í hverju aðgerðarrými þarf að vera plastað vinnuborð. Einnota undirbreiðslu skal setja undir áhöld, liti og annan hreinan útbúnað fyrir hvern viðskiptavin. Þar skal einnig vera gerileyðir og viðurkennt förgunarbox fyrir notaðar nálar. Einnig sorpílát sem þar sem sóttmengað sorp, þ.e. búnaður sem komist hefur í snertingu við líkamsvessa, er aðgreint frá venjulegu sorpi.

2.6 Sóttmengað sorp skal geymt þar sem almenningur hefur ekki aðgang að þangað til það verður sótt af fyrirtæki sem hefur starfsleyfi heilbrigðisnefndar til að flytja sóttmengað sorp.

2.7. Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er.

2.8. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur.

3. Hreinlæti

3.1 Aðstaðan skal þrifuð daglega eða oftast eftir þörfum.

3.2 Reykingar eru bannaðar þar sem almenningur leitar þjónustu.

4. Sóttvarnir

4.1 Áhöld sem fara gegnum húð eða snerta opið sár skulu vera dauðhreinsuð. Á mótinu skal eingöngu nota einnota nálar og einnota túpur fyrir nálarnar.

4.2 Húðflúrara skulu ástunda fullnægjandi handþvott. Handþvottaaðstaða þeirra skal vera á bar í hliðarrými við salinn. Merkja skal hana sérstaklega og nota svæðið eingöngu sem handþvottaaðstöðu fyrir húðflúrara meðan á mótinu stendur. Við handlaug skal vera sápulögur, einnota handþurrkur og gerileyðir.

4.3 Gæta skal ýtrasta hreinlætis og smitgátar við starfið. Einnota hanskar skulu notaðir og hendur þvegnar fyrir og eftir notkun hanska fyrir hverja aðgerð.

4.4 Aðgerðarborð skal þvo og sótthreinsa eftir hvern viðskiptavin áður en áhöld og efni fyrir næsta viðskiptavin eru sett fram.

4.5 Skylt er að fara að leiðbeinandi reglum Landlæknisembættis um hreinsun, sótthreinsun og dauðhreinsun áhalda og húðar.

5. Upplýsingar

5.1 Viðskiptavinir skulu fá munnlegar og skriflegar upplýsingar um aðgerðina.

Upplýsingarnar skulu innihalda fræðslu um atriði sem nauðsynleg eru til að taka meðvitaða ákvörðun fyrir aðgerðina. Upplýsa ber um hugsanlega fylgikvilla s.s. varanlega breytingu á húð, sýkingarhættu, ofnæmisviðbrögð, blæðingar og um eftirmeðferð á húðsvæðinu sem aðgerðinni var beitt á, einnig hvert beri að leita ef fylgikvillar koma upp.

5.2 Skylt er að útskýra að af læknisfræðilegum ástæðum ættu sumir einstaklingar ekki að fá húðflúr á líkamann.

Jóhanna Margrét Haraldsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfis skilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

Reglugerð nr. 902/2024 um hollustuhætti

Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs

Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni

Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir

Lög nr. 19/1997 um sóttvarnir

Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn

Reglugerð nr. 464/2001 um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 93.02.3 Húðflúrstofa